

71
31. júlí

10. gr.
Bryggjusjóði skal aðeins varið til viðhalds og umbóta á bryggjunni og tækjum hennar.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 kr., og fer með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í Bryggjusjóð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1931.

S. Kristinsson.

Vígfús Einarsson.

72
31. júlí

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir

Raufarhafnarkauptún.

I. Hafnargjöld.

- Öll skip (að undanteknum þeim, sem síðar getur um) skulu greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farnrúmsins í hvert skipti, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar á Raufarhöfn, eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef um skip ræðir, sem aðeins ganga hafna milli á Íslandi, þá er þau í fyrsta sinn á árinu leita hafnar á Raufarhöfn. Liggi slík skip á höfninni lengur en 14 daga tvöfaldast gjaldið.

Hafnargjöld greiða þó aðeins þau skip, er leggjast á pollinn fyrir innan línu milli syðri enda Hólmans og neðri innsiglingarvörðunnar.

- Hafni skipið sig oftast en einu sinni á árinu á Raufarhöfn og hafi ekki á þeim tíma komið til annara landa, greiðist hafnargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skipti, en síðan að helmingi.
- Skip, er ganga milli hafna á Íslandi svo og milli Íslands og útlanda eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau í fyrsta skipti á árinu koma á Raufarhöfn, greiða hafnargjald, en síðan ekki, þótt þau hafni sig oftast á því ári. Íslenzk fiskiskip greiða ekki hafnargjald nema einu sinni á ári.
- Skip, sem heimilisföst eru í þorpinu eða stunda útgerð þaðan lendri tíma en sex mánuði ársins, skulu greiða árlega 50 aura af hverri nettó smálest.

II. Aukagjald.

72
31. júlí

Öll skip, sem hafnargjald eiga að greiða og hafna sig á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 1 krónu í hvert skipti, er þau leita hafnar á þessu tímabili. Séu skipin meira en 300 smálestir greiða þau 2 kr.

Skip, sem heimilisfang eiga á Raufarhöfn, eru undanþegin þessu gjaldi. Ljós gjald skal þó ekki greiða fyrr en hafnarljósum hefir verið komið upp.

III. Undanþága frá hafnargjaldi.

1. Öll herskip, varðskip, skemmtiskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna.
2. Skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, enda þótt farmur þeirra sé á land borinn, ef þau flytja burt aftur farminn og ekkert annað.
3. Fiskiskip, er stunda veiðar frá Raufarhöfn, er þau leita hafnar vegna illveðurs.

IV. Varnir gegn grynnkun hafnarinnar.

Óheimilt er að varpa nokkru í höfnina, hvorki við land né annarsstaðar, er valdið getur grynnkun hennar, svo sem seglfestu, kolaösku frá skipum, fiskúrgangi o. fl., nema hafnarnefnd leyfi.

V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem hér er að framan greinir, skulu renna í hafnarsjóð Raufarhafnarkaupþúns og skal honum varið til þess, að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru eða verða gerð, svo og til ljóskera til leiðbeiningar við innsiglingu á höfnina.

Hafnarnefnd Raufarhafnar skipa þrjú menn, er hreppsnefnd Presthólahrepps kys til þriggja ára í senn. Skulu ávallt tveir nefndarmanna vera búsettir á Raufarhöfn.

Skal hafnarnefnd sjá um, að reglugerð þessari sé hlýtt, og skal hún stjórnna hafnarsjóðnum undir eftirliti hreppsnefndar, sem veitir fé úr sjóðnum eftir tillögum hafnarnefndar og ber ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins, enda skulu reikningar hafnarsjóðs fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VI. Almenn ákvæði.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa, skulu greiða gjöldin samkvæmt reglugerð þessari til reikningshaldara strax og skipin hafa hafnað sig.

72 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, er renna
31. júlí í hafnarsjóð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

73
4. ágúst

S A M Þ Y K K T

um

breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf í heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gert samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. ágúst 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.